

LÖG SAMTAKA UM KVENNLISTA

1. gr. Heiti Samtakanna er Samtök um Kvennalistu. Hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Markmið Kvennalistans er að:
 - a) auka áhrif kvenna í samféluginu,
 - b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
 - c) beita sér fyrir þættum kjörum kvenna,
 - d) stuðla að því að viskuforði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra bjófélags,
 - e) berjast fyrir heimi þar sem konur, karlar og börn standa jafnt að vígi, þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum, sem hugur stendur til,
 - f) standa að baki fulltrúa Kvennalistans.
3. gr. Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að fjölga öngum og bjóða fram til Alþingis.
4. gr. Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans, enda greiði þeir félagsgrjöld. Allir fundir eru félögum opnir.
5. gr. Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnar-umdæmi innan hvers kjördæmis ákveði hver angí heimili og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angí starfað í minni einingum. Innan Landssamtakanna koma þessar einingar fram sem einn angí.
6. gr. Landssamtök Kvennalistans skulu hafa framkvæmdarráð, sem skipað er konum úr öllum öngum.
7. gr. Innan Kvennalistans skal starfa þingráð.
8. gr. Endanleg ákvörðun í málefnum Kvennalistans er í höndum landsfundar. Á milli landsfunda skal hún vera í höndum félagsfunda anganna og þeirra á milli í höndum framkvæmdaráðs og þingráðs.
9. gr. Framkvæmdsnefnd skal starfa innan hvers anga.
10. gr. Félagsfundir anganna kjósi tvær konur í landsfundarnefnd alga síðar en þrem mánuðum fyrir landsfund. Landsfundarnefnd skal undirbúa og ákveða dagskrá landsfundar í samráði við framkvæmdarráð Kvennalistans.
11. gr. Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskar af 1/3 hluta félaga.
12. gr. Landsfund skal boða bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.
13. gr. Reikningsár skal vera frá 1. október til 30. september. Endurskoðaðir reikningar Kvennalistans skulu lagðir fram í landsfundi, einnig fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og árgjald ákveðið í samræmi við hana.
14. gr. Landsfundur skal kjósa two endurskoðendur reikninga Landssamtakanna, sem starfa fram að næsta landsfundi.
15. gr. Í atkvæðagreiðslu á landsfundi ræður einfaldur meiri-hluti fundarmanna.
16. gr. Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða á landsfundi.
17. gr. Lög þessi skulu endurskoðuð að ári.

Lög þessi ólast gildi á Landsfundi Kvennalistans
30. október 1983.



STARFSREGLUR KVENNALISTANS

I. Landssamtök

1. Framkvæmdaráð skal skipað minnst 5 konum, einni úr hverjum anga, sem kosnar eru á félagsfundum anganna til 6 mánaða í senn. Kemur það saman eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur. Ef angarnir eru færri en 5 tilnefnir fjölmennasti anginn aðra konu, ef enn vantar konu skipar næst fjölmennasti anginn fulltrúa og síðan koll af kolli, uns fullskipað er. Auk þess skal sitja í ráðinu ein kona úr framkvæmdanefnd hvers anga. Ekki skulu konur sitja lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn.
2. A félagsfundi í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð og eina til vara. Að 6 mánuðum liðnum taki varafulltrúi sæti aðalfulltrúa og verði þá kosinn nýr varafulltrúi. Nýtt framkvæmdaráð skal taka til starfa strax eftir landsfund.
3. A.m.k. ein þingkona skal sitja framkvæmdaráðsfundi.
4. Framkvæmdarráð skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt:
 - a) Tilnefni eina konu, sem situr þingráðsfundi a.m.k. til tveggja mánaða í senn.
 - b) Tilnefni eina konu í ákveðinn tíma, sem skipuleggur fundi ráðsins og sér um að ákvörðunum þess sé framfylgt.
 - c) Tilnefni eina konu, sem hefur umsjón með fjármálum Kvennalistans.
5. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:
 - a) Vinna að fjölgun anga.
 - b) Skipuleggja stórfundi og ráðstefnur.
 - c) Hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans.
 - d) Hveta til þess að bakhópar starfi og skipuleggja nýja hópa.
 - e) Tilnefna konur til að koma fram fyrir hönd Kvennalistans í fjölmiðlum í samráði við þingráð.
 - f) Sjá um að bréfum og fjölmiðlum sé svarað.

II. Útgáfumál

6. Innan Kvennalistans skal starfa útgáfunefnd skipuð minnst einni konu út hverjum anga, sem kosin er á félagsfundi til 6 mánaða í senn.

III. Þingráð

7. Fastir fulltrúar í þingráði eru þingkonur og varapíngkonur Kvennalistans, ein kona úr framkvæmdaráði og ein kona úr framkvæmdanefnd hvers anga. Auk þeirra sitja í þingráði ein kona úr hverjum bakhópi.
8. Þingráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans og stefnuyfirlýsingu landsfundar. Þingráð skal jafnframt vera stefnumótandi og ráðgefandi í einstökum málum. Það skal tilnefna konur í öll fulltrúastörf og nefndir í samráði við framkvæmdarráð á milli félagsfunda. Allar nefndir og fulltrúastörf skulu auglýstar í fréttabréfum anganna sé þess kostur.
9. Bakhópar skulu starfa í einstökum málaflokkum og koma með tillögur um stefnumótun til þingráðs.
10. Þingráðsfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur. Þingkonur skulu kalla saman og undirbúa þingráðsfundi.

IV. Angar

11. Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga. Hún hefur yfirumsjón með öllu starfi angans og annast fjármál hans. Nefndin skipti með sér störfum en tilnefni eina konu í þingráð og eina konu í framkvæmdaráð Kvennalistans. Að öðru leyti móta þær starfshætti sína. Framkvæmdanefnd skal kosin á félagsfundi.
12. A félagsfundi í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð. Sjá nánar í gr. 2 í starfsreglum.

V. Starfsmaður - Húsnaði

13. Framkvæmdaráð Kvennalistans ráði sér konu til starfa. Hún sjá um að framkvæma ákváðanir framkvæmdaráðs, sem ekki er vísað annað.
14. Kvennalistinn hafi húsnaði til afnota fyrir starfsmann, þar sem sími er staðsettur. Húsnaði þetta skal vera miðstöð Kvennalistans.
15. Rekstur húsnaðis, laun starfsmanns og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af öngum í hlutfalli við félagatölu þeirra.

VI. Almenn ákvæði

16. Til þess að breyta starfsreglum þessum þarf meiri hluta atkvæða á landsfundi eða félagsfundum í öllum öngum.

Samþykkt á Landsfundi Kvennalistans
30. október 1983.

